

Félagsfundur og auka-aðalfundur Foreldrafélags Akurskóla

Haldinn 27. okt. á sal Akurskóla kl. 20.00

Mættir: Hulda Klara Hjaltadóttir, Brynja Oddgeirsdóttir, Telma D. Guðlaugsdóttir, Hafdís N. Hafsteinsdóttir, Lovísa Hafsteinsdóttir, Katrín Ósk Pétursdóttir, Stefán Stefánsson, Katrín Jóna Ólafsdóttir, Kristín Helgadóttir, Hafdís Hill, Benjamín Magnússon, Kristín Þórunn Kristinsdóttir, Sólbjörg Gunnbjarnadóttir, Kristjana Guðlaugsdóttir og Jóna Guðrún Jónsdóttir.

Fundarstjóri Kristjana Guðlaugsdóttir setti fundinn.

1. Fundargerð síðasta fundar

Jóna Guðrún las fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt.

2. Starf bekkjarfulltrúa - tengiliða inn í bekki

Kristjana sagði frá því að Helga Margrét Guðmundsdóttir hefði komið til Reykjanesbæjar til að fræða bekkjarfulltrúa í bænum. Hún tók sérstaklega fram að bekkjarfulltrúastarfið væri ekki einungis skemmtinefnd heldur líka að halda utan um þarfir barna okkar og auka samskipti heimilis og skóla.

Jóna Guðrún sagði að vel hefði gengið að fá foreldra til að vera bekkjarfulltrúa en enn vantaði fulltrúa í yngsu deildirnar. Katrín Jóna Ólafsdóttir gaf kost á sér að vera fulltrúi í Hvolpum og Benjamín Magnússon í Húnum.

Foreldrar og nemendur í hinum ýmsu hópum eru nú þegar búnir að hittast og hafa ýmis mál verið rædd, eins og mötuneytismál, bókakostur á bókasafni o.fl. Þessum málum hefur verið komið á framfæri til stjórnar FFA og munu verða rædd nánar á þessum félagsfundi. Á morgun hittast foreldrar og nemendur í Kríum, Kjóum og Krummum á draugaballi og umsjónarkennari Hnísa hélt bekkjarkvöld með foreldrum og nemendum fyrr í mánuðinum. Einnig eru foreldrar og nemendur í Kiðlingum, Kópum, Kettlingum og Húnum búnir að hittast og dansa saman svo eitthvað sé nefnt.

Kristjana samskipti heimilis og skóla. Mikilvægt væri þó að málin færu rétta leið í kerfinu til að tekið yrði á þeim, t.d. væri núna verið að athuga hvort að möguleiki væri á að nemendur hefðu val um það hvort sagði að bekkjarfulltrúar hefðu mikið um ýmis mál að segja er varðar skólann og þeir færu í sturtu eftir íþróttir eða ekki, sérstaklega í eldri bekkjarhópum. Sömuleiðis hvort möguleiki sé á því að gera matmálstíma þannig að nemendur þurfi ekki að standa í langri röð til að fá mat. Málið mun verða rætt sérstaklega í fagráði foreldra og vísað til skólaráðs.

Kristjana sagði að rétta boðleiðin byrjaði í grasrótinni hjá foreldrum og bekkjarfulltrúum sem gætu komið athugasemdum sínum inn á félagsfundi FFA. Þaðan færu málin inn í fagráð og/eða

skólaráð eða jafnvel inn á fund FFGÍR og endaði síðan í fræðsluráði sem sendi oft erindi inn á borð bæjarstjórnar.

Rætt var um að gott væri að senda afrit af öllum tölvubréfum einnig á skólastjóra og aðstoðarskólastjóra til að skólayfirvöld geti fylgst með.

3. Kosning fulltrúa í skólaráð

Kristjana sagði að skólaráð væri skipað níu aðilum til tveggja ára í senn. Í ráðinu sitja skólastjóri, tveir fulltrúar kennara, tveir fulltrúar annars starfsfólks, tveir fulltrúar nemenda, tveir fulltrúar foreldra og einn fullrúi úr grenndarsamfélaginu. Þeir sem gáfu kost á sér í skólaráð voru Kristjana Guðlaugsdóttir og Hulda Klara Hjaltadóttir. Kristín Helgadóttir gaf kost á sér sem varamaður. Seta þeirra í skólaráði var samþykkt einróma af fundarmönnum. Kristjana sagði að sá sem sæti í ráðinu frá grenndarsamfélaginu væri foreldri við skólann, Magnús Valur Pálsson.

4. Kosning fulltrúa í fagráð

Kristjana sagði að fagráð foreldra væri byggt á gamla foreldraráðinu og tæki á faglegum málum er varðar samskipti heimilis og skóla. Fagráð kemur með faglegar ábendingar um það sem betur má fara og vísar málum til skólaráðs þannig að skólayfirvöld geti tekið á málinu. Katrín Jóna Ólafsdóttir, Kristín Helgadóttir og Sigríður Guðmundsdóttir gáfu kost á sér í fagráð og voru þær samþykktar til starfans af fundarmönnum.

5. Kosning skoðunarmanns reikninga

Páll Rúnar Pálsson gaf kost á sér og var það samþykkt.

6. Skýrsla nefnda.

Í ritfanganefnd er verið að vinna að hugmyndavinnu. Peysunefndin í 10. bekk er búin að funda. Í þeirri nefnd eru Sólveig, mamma Láru Bjarkar, Hrefna, mamma Davíð Freys, Inga, mamma Ólafar, Söru og Sindra og Kolbrún, mamma Þorsteins.

7. Önnur mál

Foreldrarölt. Rætt var um mikilvægi þess að foreldrar hefðu ekki einungis vakandi auga með börnunum okkar í hverfinu heldur einnig ókunnum mannaferðum en svo virðist sem eiturlyfjasalar hafi látið sjá sig, alla vega einu sinni, í kringum Akurskóla frá því að skólinn byrjaði í haust. Komin er sjoppa í hverfið og hér eru leikskólalóðir þar sem sumir hittast og rotta sig saman. Því er mikilvægt að hafa augun opin. Jafnvel spurning hvort að setja þurfi saman skiplega hópa til að röltu um hverfið. Kristín Helgadóttir sagði að foreldrar ættu alltaf að hringja í lögreglu þegar þeir sæju eitthvað er varðaði eiturlyf og annað. Þó nokkuð var rætt um þessi mál og fundarmenn sögðu nokkrar reynslusögu. Allir voru sammála um mikilvægi þess að foreldrar og nemendur væru meðvitaðir um ábyrgð sína á sínu nánasta umhverfi.

Forfallakennsla. Mikið hefur borið á því að nemendur hafi verið sendir heim undanfarið Auðvitað hafa veikindi starfsmanna eitthvað með það að gera en greinilegt er að skólum er sett að spara og það bitnar á nemendum. Foreldrar geta verið þrýstihópur til hjálpar skólanum svo að hann fái þá fjármuni sem þarf til að geta rekið skólann með sóma. Dæmi er um að nemendur í 6. bekk hafi verið sendir heim um hádegi. Mikilvægt er að foreldrar séu meðvitaðir og þrýsti á að skólinn fari eftir grunnskólalögum. Skólinn ber ábyrð á að nemendur séu í skólanum og fái þá fræðslu sem þeim ber skv. lögum

Jóna Einarsdóttir spurði hvort að það væru ekki bara eldri nemendur sem væru sendir heim. Í ljós kom að 5. bekkur hafi verið sendur heim í síðustu viku v. forfalla kennara. Ákveðið að setja saman formlegt erindi vegna þessa í gegnum fagråd og senda skólayfirvöldum.

Námsráðgjafi. Enginn námsráðgjafi er í Akurskóla. Samkvæmt 13. gr. grunnskólalaga frá 2008 *eiga nemendur rétt á að njóta starfs og námsráðgjafar í grunnskóla af til þess bærur sérfræðingum.* Lovísa vildi benda á hvert hlutverk námsráðgjafans væri og tók dæmi um það hverju nemendur væru að leita eftir þegar þeir leituðu til námsráðgjafa. Hún sagði að rannsóknir hefðu einnig sýnt fram á. að minna væri um að nemendur falli frá framhaldsskólanámi ef þeir ættu tók á þjónustu námsráðgjafa.

Fundarmenn voru hissa á því að ekki væri verið að fara eftir nýju grunnskólalögum og voru sammála um mikilvægi þess að nemendur fái þessa þjónusu. Málinu var vísað til fagráðs og skólaráðs.

Samkipti heimilis og skóla. Í grunnskólalögum frá 2008 segir að umsjónarkennari eigi að stuðla að samvinnu heimilis og skóla. Nauðsynlegt er að skólayfirvöld setji sér skýra stefnu hvað varðar samskipti heimilis og skóla og hvernig umsjónarkennarar komi að þeirri samvinnu. Jóna Guðrún sagði að það væri því nauðsynlegra í Akurskóla en öðrum skólum þar sem tveir árgangar væru alltaf saman í hverjum bekkjarhóp og skiptu um samnemendur að hluta til á hverju ári. Fyrir vikið væri erfiðara og seinvirkara fyrir foreldra að mynda tengsl og því nauðsynlegt að einhverskonar regluverk væri fyrir hendi frá skólayfirvöldum.

Vöntun á verklegum námsgreinum. Kristín Helgadóttir lýsti yfir áhyggjum sínum vegna þess hve verklegar greinar fengju litla áherslu í skólanum. Ástandið væri skelfilegt. Textílmennt, heimilisfræði og smíði væri t.d. kennd í algjöru lágmarki og tónmenntakennsla ekki lengur í boði. Einnig kom fram að ekkert val væri lengur fyrir 8. bekk. Hluti af slagorði skólans væri skapandi starf en þar væri skólinn ekki að standa undir nafni. Málinu vísað til fagráðs.

Bókasafn Akurkóla. Jóna Guðrún talaði um bókakost skólans og sagði hann mjög fátæklegan, auk þess sem enginn bókasafnsfræðingur væri starfandi. Mikilvægt væri að nemendur gætu átt góðan aðgang að bókum og lært að umgangast bókasafn á faglegan hátt og fengið leiðsögn

bókasafnsfræðings um möguleika þess. Hún benti á að Akurskóli væri ungur skóli og því eðlilegt að hlutirnir tækju tíma en samt væri nauðsynlegt að minna á það sem betur mætti fara. Málinu vísað til fagráðs.

FFGÍR. Kristjana fór aðeins yfir hlutverk FFGÍR sem er félag allra foreldrafélaga grunnskólanna í Reykjanesbæ. Haldnir eru reglulegir fundir hjá félaginu og eiga foreldrar Akurksóla þar fulltrúa. Þar eru nokkur mál til meðferðar t.d er varðar forfallakennslu, hádegisverðarmál, umferðaröryggi skólabarna, félagsstarf skólanna, sturtumál nemenda o.fl. Kristjana sagði að ef fræðsluráð bæjarins fengi bréf frá FFGÍR, FFA og öðrum foreldrafélögum þá væri þrýstingurinn á bæjaryfirvöld orðinn verulegur. Því væri svo mikilvægt að foreldrar væru vakandi og stæðu saman.

Þrengsli í 10. bekk. Jóna Einarsdóttir benti á þrengslin í 10.bekk. Sagði hún að varla væri pláss fyrir stóra og myndarlega nemendur, borð væru lítil o.s.frv.

Heimasíða Akurskóla og svæði FFA. Verið er að vinna að því að svæði FFA á heimsíðu Akurskóla taki á sig almennilega mynd, þannig að félagið verði sýnilegra og að auðveldara verði fyrir foreldra að afla sér upplýsinga um starfsemi félagsins. Kristjana sagði að á FFGÍR fundi hefði kom í ljós að þjónustu við foreldrafélögin væri misgóð. Tölvufulltrúi Akurskóla, Rósa, væri mjög viljug að aðstoða svo að svæði FFA gæti orðið sem glæsilegast. En hún væri aðeins ráðin í tíu tíma á viku og því segði það sig sjálf að það mun taka tíma að koma þessum málum í lag.

Jóna Guðrún sagði að best væri ef ritari FFA gæti fengið lykilorð inn á svæði FFA en hún hafi fengið þau svör að það væri ekki hægt. Rætt var um það hvort finna þyrfti aðra leið til að auðvelda þessa vinnu.

Að lokum var rætt um að foreldrar væru alltaf velkomnir í kennslustundir í skólanum, til að fylgjast með börnum sínum.

Fundi slitið.

Fundarritari: Jóna Guðrún Jónsdóttir